

Nr. 039 / 10 Sæfari**Fær á sig sjó**

Skipaskr.nr. 2691
Smíðaður: Bromborough Englandi 1991, stál
Stærð: 507,4 brl. 507,4 bt.
Mesta lengd: 39,6 m Skráð lengd: 37,68 m
Breidd: 10 m Dýpt: 3,7 m
Vél: Caterpillar 2040, 1992
Fjöldi skipverja: 5
Farþegar: 2



Sæfari eftir breytingar©Útgerð

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. apríl 2010 var ferjan Sæfari á siglingu frá Dalvík til Grímseyjar. Veður: N 10 m/sek og ölduhæð um 3 m.

Þegar skipið átti um tíu sjómílar eftir til Grímseyjar eða á stað, 66°22'7281N og 018°10'4009V, fékk það á sig sjó með þeim afleiðingum að allir þrír neðstu gluggarnir á forkanti brotnuðu og mikill sjór komst í farþegasalinn. Tveir farþegar voru um borð en þeir voru neðri sal. Engan sakaði um borð en skipinu var snúið við til Dalvíkur.

Mikið tjón varð á skipinu m.a. á framþili, stoðum, innanstokksmunum í farþegasal og raftækjum. Við viðgerð á skipinu var framþilið styrkt og endurnýjað án glugga.

Við rannsókn kom fram:

- að siglt var á fullri ferð, þ.e.a.s. því afli sem notað var í þeim tilgangi. Siglingahraði skipsins var 10,5 til 11 hnútar þegar það fékk sjóinn yfir sig;
- að samkvæmt skipstjóra hafði sjólag verið gott á leiðinni og u.þ.b. 7 sek. á milli öldutoppa samkvæmt veðurathugunardufli Siglingastofnunar og þriggja metra ölduhæð. Hann taldi ekki þörf á að slá af vélarafli við þessar aðstæður og þetta hafi verið óvænt fylla;

- að gluggarnir sem brotnuðu voru 80x50 sm að stærð og framþilið sem bognaði var 6 mm þykkt. Í stað 60x60 mm vinkla í þilinu var það styrkt í HP 160 mm í samráði við flokkunarfélag;
- að til voru blindhlerar fyrir gluggana sem brotnuðu en þeir höfðu nýlega verið fjarlægðir úr skipinu. Þeir voru hafðir fyrir á veturna en teknir af yfir sumartímann. Myndirnar hér að neðan sýna gluggana sem brotnuðu með og án blindhleranna.



Nefndarálit:

Orsök atviksins er vanmat á aðstæðum.